

Naustahvilft, útivistasvæði og gönguleið

Tillaga að deiliskipulagi



Ísafjarðarbær

19. október 2018

ATA

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Tilgangur og markmið.....	2
3. Staðhættir.....	2
3.1. Minjar, fornminjar, vernd.....	3
3.2. Álftafjarðargöng	3
3.3. Ofanflóð.....	3
3.4. Tengsl við aðrar áætlanir.....	4
3.5. Skipulagsferli, samráð og kynningar.....	4
4. Tillaga að deiliskipulagi.....	5
4.1. Deiliskipulagssvæðið	5
4.2. Aðkoma og bílastæði.....	5
4.3. Minnisvarði.....	5
4.4. Göngustígur	5
4.5. Naustahvilt, áningarstaður.....	6
5. Áhrif á umhverfið.....	6

1. Inngangur

Við Ísafjarðarbæ liggur vinsæl gönguleið frá Þjóðveginum, Djúpvegi (61), upp í Naustahvilft um Kirkjubólshlíð. Göngustígur upp í hvilftina er farinn að láta á sjá og eru farnar að myndast margar leiðir upp hlíðina með tilheyrandi raski á gróðri. Ísafjarðarbær leggur því fram tillögu að deiliskipulagi Naustahvilftar í þeim tilgangi að byggja svæðið upp sem góðan áfangastað, auka öryggi og vernda náttúru.

Tillagan er sett fram í þessari greinargerð og meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti í 1:2500, dagsettum 19. október (skjal 1224-009-U03).

Samhliða tillögu að deiliskipulagi er lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2028. Í tillögunni er aukið við umfjöllun um Naustahvilft í greinargerð aðalskipulagsins og stefnu um landnotkun breytt í útivistarsvæði. Umrædd breyting á aðalskipulagi nær til sveitarfélagsuppráttar sunnan Djúps og greinargerðar aðalskipulagsins.

2. Tilgangur og markmið

Meginmarkmið tillögu að deiliskipulagi er að bæta aðstæður fyrir útivistarfólk, skilgreina útivistarsvæði og vernda náttúruna, en með því að skilgreina gönguleiðir er hægt að vernda umhverfið fyrir átroðningi. Þeim fer fjölgandi sem fara um þetta fallega göngusvæði en gangan upp í hvilftina tekur ekki langan tíma, stutt er frá þéttbýlinu á Ísafirði og útsýni úr hvilftinni er gott.

Eftirfarandi eru meginviðfangsefni deiliskipulagsins:

- Setja stefnu um að Naustahvilft og gönguleiðin þangað sé útivistarsvæði.
- Leggja til aðkomu og upphafsstað fyrir gönguleið.
- Setja fram áherslur við útfærslu gönguleiðar upp í hvilftina og áningarstaðar þar.
- Að sett verði upp upplýsingaskilti með upplýsingum um nálæga þjónustu, sögu svæðisins og umgengnisreglur.

3. Staðhættir

Naustahvilft er um 1 km breið hvilft í Kirkjubólshlíð sunnan við þéttbýlið á Ísafirði. Hvilftin er um 400 m djúp, er á bilinu 200 til 660 m.y.s. og snýr mót norðvestri. Mjög bratt klettabelti sker hlíðina í um það bil 500 m.y.s. að frátöldum austasta hluta hvilftarinnar. Neðan klettabeltisins eru skriður þar sem hallinn er 30–40°. Ofan við klettabeltið eru klettur sem halla 45–50°. Í miðju hvilftarinnar er lítil skál þar sem halli hlíðarinnar er lítill minni. Hvilftin hefur myndast þegar jöklar síðustu ísaldar lágu yfir svæðinu og hefur myndast skálarjökull þar sem hvilftin er nú. Þegar jökullinn hvarf stóð hvilftin eftir og eru svona skálar oft nefndar skessusæti.

Við Þjóðveginn er útskot og bílastæði og þar er upphafsstaður gönguleiðar upp í Naustahvilft. Frá Þjóðveginum er nokkuð brött en gróin hlíð, með lækjarsprænum, upp í hvilftina. Gönguleiðin er í dag um 430 m á lengd og endar í um 225 m y.s. við stóran stein, sem nefndur hefur verið Grettistak, í norðausturhluta hvilftarinnar. Við steininn er gestabók fyrir göngufólk, merkt 225 m en gönguleiðin er vinsæl hjá íbúum og gestum.

Hægt er að ganga upp úr hvilftinni upp á topp fjallsins og þaðan eftir því, en gæta þarf varúðar á þeirri gönguleið. Þar er bratt og klettótt og gönguleiðin varasöm. Er hún ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti og verður ekki hluti af deiliskipulagsgerð fyrir útivistarsvæði í Naustahvilft.

Bílastæðið í dag rúmar um 4-6 fólkubíla en þar eru engar merkingar. Breyta þarf bílastæðinu þannig að rútur geti lagt þar. Í samræmi við vegalög nr. 80/2007 skal hafa samráð við Vegagerðina um hönnun og framkvæmd tengingar við þjóðveginn og uppsetningar á skiltum og/eða mannvirkjum.

3.1. Minjar, fornminjar, vernd

Minjar hafa verið skráðar á þessu svæði og fundust engar minjar innan skipulagssvæðisins. Hins vegar eru minjar norðan Djúpvegar (61), sem sjá má á korti hér fyrir neðan. Þar sést að minjarnar eru utan deiliskipulagssvæðisins og er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdir við útivistarsvæðið í og við Naustahvilft hafi áhrif á þær.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.



3.2. Álftafjarðargöng

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er sýnd lega fyrirhugaðra Álftafjarðarganga sem liggja frá Álftafirði til Skutulsfjarðar undir Kirkjubólshlíð. Opnast þau austan við Naustahvilft og tengjast þar Djúpvegi (þjóðvegi 61). Ekki er talið að bílastæði fyrir áningarstaðinn eða aðrar framkvæmdir tengdar honum hafi áhrif á fyrirhugaðan gangnamunna Álftafjarðarganga.

3.3. Ofanflóð

Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Úr norðanverðri Naustahvilft hafa nokkrum sinnum fallið snjóflóð sem náð hafa yfir veginn og jafnvel í sjó fram og eru t.d. til skráð dæmi frá 1990 og 1995.¹ Þá hafa fallið snjóflóð í hvilftinni sjálfri sem hafa náð yfir alla hvilftina. Talið er mögulegt að snjóflóð allt að 100 þúsund m³ geti fallið á svæðinu. Í hættumati sem unnið hefur verið fyrir Kirkjubólshlíð kemur fram að svæðið er á hættusvæði C.² Á hættusvæði C gilda skilmálar skv. lögum nr. 505/2000 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum að einungis er

¹ Sjá ofanflóðakortasjá Veðurstofunnar <http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/>

² „Hættumat fyrir Innri-Kirkjubólshlíð“, Veðurstofa Íslands, september 2007.

<http://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/2007/07011.pdf>

heimilt að reisa ný mannvirki þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks. Deiliskipulagið gerir ekki ráð fyrir byggingum á svæðinu.

Með erindi dags. 11. apríl 2017 óskaði Ísafjarðarbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag í Naustahvilft dags. 22. mars. 2017. Í umsögn Veðurstofunnar kemur m.a. fram að heppilegasti staður fyrir aðkomusvæði og upphafsstað fyrir gönguleiðina sé undir hvíltinni sjálfri þar sem beggja vegna hennar séu þekkt ofanflóðasvæði. Tíðni grjóthruns í hlíðinni undir hvíltinni er talin vera lág. Í hvíltinni sjálfri er grjóthrun mun algengara, t.a.m. í leysingum á vorin og í miklum úrkomum. Grjóthrunshætta sé mest innan við núverandi áningarstað og mælir Veðurstofan því með að áningarstaður verði ekki færður innar í hvíltina nema því fylgi viðvaranir um grjóthrunshættu.

3.4. Tengsl við aðrar áætlanir

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið eða nærliggjandi svæði. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er Naustahvilft og næsta nágrenni skilgreind sem óbyggt svæði, sem er opið svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks, þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Lítið sem ekkert er fjallað um Naustahvilft í greinargerð aðalskipulagsins. Í tillögu sem lögð hefur verið fram um breytingu á aðalskipulaginu er bætt við umfjöllun um Naustahvilft og stefnu um landnotkun breytt í útivistarsvæði. Aðalskipulagsbreytingin nær til sveitarfélagsuppráttar og greinargerðar aðalskipulagsins og er lögð fram samhliða deiliskipulagstillögu.

Rétt við bílastæðið er skilgreint efnistökusvæði skv. aðalskipulagi, sem tengist áformum um gerð jarðganga til Súgandafjarðar eins og sýnt er á skipulagsupprætti. Efnistökusvæðið er ætlað til haugsetningar og á ekki að skerða ásýnd Naustahvilftar. Efnistökusvæðið og vegtenging við jarðgöng eru utan deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við markmið aðalskipulags Ísafjarðarbæjar um að nálægð við náttúruna og sérkenni verði nýtt á sjálfbæran hátt til útivistar, aðgengi að náttúru verði tryggt og útivist skuli vera í sátt við umhverfið.

3.5. Skipulagsferli, samráð og kynningar

Sameiginleg lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu og gerð deiliskipulags var send umsagnaraðilum auk þess að vera auglýst í fjölmiðli og á vefsíðu Ísafjarðarbæjar. Umsagnaraðilar eru Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Náttúrufræðistofnun, Isavia og Veðurstofan. Umsagnir bárust frá öllum aðilum, sem hafðar voru til hliðsjónar við vinnslu tillögunnar.

Tillaga á vinnslustigi var kynnt á vef sveitarfélagsins, með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli 2. - 23. janúar 2018 og send umsagnaraðilum. Umsagnir bárust frá Isavia, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands sem gerðu ekki athugasemdir við kynnta tillögu.

Tillögur hafa verið lagðar fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar og samþykktar til auglýsingar. Aðalskipulagsbreyting hefur verið send til athugunar hjá Skipulagsstofnun sem kom með ábendingar um úrbætur sem unnið hefur verið úr. Að athugun lokinni eru tillögur að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi auglýstar samhliða. Frestur til athugasemda er að lágmarki 6 vikur. Að loknum athugasemdafresti verða tillögunar teknar til umfjöllunar í skipulags- og mannvirkjanefnd og síðan bæjarstjórn og afstaða tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Afgreiðsla athugasemda verður send þeim sem þær gerðu og samþykktar deiliskipulags-

og aðalskipulagstillögur sendar til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun staðfestir tillögu að aðalskipulagsbreytingu innan 4 vikna frá því að þær berast og birt er staðfesting í B-deild Stjórnartíðinda um samþykkt þeirra.

4. Tillaga að deiliskipulagi

4.1. Deiliskipulagssvæðið

Mörk deiliskipulagssvæðisins eru sýnd á deiliskipulagsupprætti. Innan svæðisins er Naustahvilft, brekkan niður að þjóðveginum, bílastæði og aðkoma inn á bílastæði við þjóðveginn. Norðurmörk deiliskipulagssvæðisins miðast við veghelgunarsvæði þjóðveggar.

Deiliskipulagssvæðið er um 28 ha að stærð.

4.2. Aðkoma og bílastæði

Við þjóðveginn er gert ráð fyrir bílastæðum fyrir allt að 10 fólksbíla, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða, 2-3 rútur ásamt hjólastæðum. Frágengið yfirborð bílastæðis skal vera mól eða malbik. Merkja skal bílastæði á snyrtilegan og skýran hátt. Stæði fyrir rútur skal merkja sérstaklega. Vegna mikils landhalla þarf hugsanlega að gera ráð fyrir stoðvegg við innri brún bílastæðis og skal það útfært nánar á hönnunar- og/eða framkvæmdastigi. Við bílastæði verði aðstaða til áningar ásamt upplýsingaskiltum. Bílastæði skulu vera í samræmi við lög og reglugerðir.

Samráð skal haft við Vegagerðina vegna hönnunar bílastæðis og tenginga við þjóðveg.

4.3. Minnisvarði

Til stendur að reisa minnisvarða um feðgana Jón og Jón Jónssyni frá Kirkjubóli í Skutulsfirði. Voru þeir feðgar sakaðir um galdra og brenndir á báli þann 10. apríl 1656 á Skipeyri, skammt frá flugvelli. Um 80 m sunnan við hvítan innsiglingarskúr í hlíðinni neðan Naustahvilftar, í um 60 m hæð, er nokkuð stór steinn sem nefndur hefur verið sem möguleg staðsetning fyrir minnisvarðann. Staðsetning steinsins er sýnd á deiliskipulagsupprætti. Ekki eru settir skilmálar eða kvaðir um útlit eða nánari útfærslu minnisvarðans á deiliskipulagsstigi aðrar en þær sem tengjast göngustígnum.

4.4. Göngustígur

Frá bílastæði upp að steininum Grettistaki, sem er í norðausturhluta Naustahvilftar, verður göngustígur. Staðsetning steinsins er sýnd á deiliskipulagsupprætti. Huga þarf vel að efnisvali og ásýnd göngustígsins til að hann falli sem best inn í umhverfið. Ásýnd hans skal vera eins náttúruleg og kostur er og efnisval skal ekki stinga í stúf við náttúrulegt umhverfi. Miðað er við að stígurinn verði malarborinn með tröppum úr litlum hleðslum eða timbri, þar sem hallinn er mestur. Leiðbeinandi lega stígsins er sýnd á deiliskipulagsupprætti en stígurinn skal útfærður nánar á hönnunar- og/eða framkvæmdarstigi. Heimilt er að setja látlausa bekki eða hnalla við stíginn, sem gefa göngufólki færi á að tylla sér á leiðinni upp hlíðina. Skal útlit bekkja/hnalla vera látlaust og efnisval þannig að þeir falli inn í umhverfið eins og kostur er. Hönnunar- og/eða framkvæmdaraðila skal gera grein fyrir útfærslu göngustígs, efnisvali og hvernig framkvæmd við stíginn verður háttað og leggja fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd. Gera skal grein fyrir hvernig stígnum verði best viðhaldið til lengri tíma. Ekki er gert ráð fyrir lýsingu við stíginn eða við áningastaðinn í hvilftinni.

Verði minnisvarðanum valinn staður við stein sunnan innsiglingarskúrsins er lagt til að göngustígur liggji upp að steininum og þar verði mögulegt að nema staðar utan göngustígsins. Gera skal ráð fyrir að göngufólk sem nemur staðar við minnisvarðann hindri ekki för annars göngufólks og minnisvarði verði því utan göngustígsins. Nánari útfærsla minnisvarða verður ákvörðuð af Ísafjarðarbæ í samráði við Byggðasafn Vestfjarða og Safnahúsið.

4.5. Naustahvilft, áningarstaður

Í hvilftinni sjálfri er ekki gert ráð fyrir umfangsmiklum mannvirkjum eða landraski og leitast verður við að halda hvilftinni eins lítið raskaðri og mögulegt er. Við steininn í norðausturhorni hvilftarinnar verður áfram gestabók fyrir göngufólk ásamt upplýsingaskilti og/eða útsýnisskífu. Heimilt er að koma fyrir borði og/eða bekkjum til áningar. Skal útlit bekkja vera látlaust og efnisval þannig að þeir falli inn í umhverfið eins og kostur er.

Í samræmi við umsögn Veðurstofunnar verði göngufólk varað við þeirri hættu sem kann að skapast vegna grjóthruns og/eða ofanflóða og mælst til að gestir haldi sig utan varúðarsvæða. Frá áningarstað í hvilftinni verður ekki göngustígur upp á fjallið sjálf.

5. Áhrif á umhverfið

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana en hér er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga og gr. 5.4.1 í skipulagsreglugerð.

Gönguleiðin upp í Naustahvilft er vinsæl, bæði meðal heimamanna og ferðamanna, en einhver aukning hefur orðið á að ferðapjónustuaðilar fari með hópa í hvilftina. Ljóst er að verði ekki brugðist við er hætt við að gróður á svæðinu verði fyrir skemmdum vegna átroðnings og neikvæð áhrif verði á ásýnd. Markmið með gerð deiliskipulags er að skýra stefnu sveitarfélagsins um landnotkun á svæðinu og skapa ramma fyrir uppbyggingu bættrar aðstöðu fyrir útivistar- og göngufólk til að koma í veg fyrir frekari gróðurskemmdir. Miðað við núverandi ástand eru líkur til þess að áhrif á gróður, landslag og upplifun heimamanna og gesta verði jákvæð. Deiliskipulagið hefur engin áhrif á skráðar minjar en minnt er á að ekki má hreyfa við fornleifum nema með leyfi Minjastofnunar.